

Atvinnu- og nýsköpunarsjóður Húnaþings vestra

Húnaþing vestra auglýsir hér með eftir umsóknum um úthlutun styrkja úr Atvinnu- og nýsköpunarsjóði Húnaþings vestra.

Markmið Atvinnu- og nýsköpunarsjóðs Húnaþings vestra er að hvetja til jákvæðrar umræðu og verkefna á sviði atvinnuþróunar í sveitarfélaginu. Sjóðnum er ætlað að styðja við frumkvæði íbúa og hvetja til samstarfs og nýsköpunar í sveitarfélaginu.

Áherslur Atvinnu- og nýsköpunarsjóðs Húnaþings vestra lúta að verkefnum sem stuðlað geta að auknum umsvifum, betri afkomu og rekstri fyrirtækja og þróun og nýsköpun í atvinnulífi í Húnaþingi vestra. Styrkir sem veittir eru úr Atvinnu- og nýsköpunarsjóði Húnaþings vestra eru fyrst og fremst verkefna- og framkvæmdastyrkir, ekki rekstrarstyrkir eða styrkir til að mæta opinberum gjöldum eða greiða skuldir.

Væntanlegum umsækjendum og öðrum áhugasömum er bent á að úthlutunarreglur, umsóknareyðublað og fleiri gögn er varða Atvinnu- og nýsköpunarsjóð Húnaþings vestra er að finna á heimasíðu sveitarfélagsins, www.hunathing.is

Nánari upplýsingar veitir Guðný Hrund Karlsdóttir, sveitarstjóri í síma 455-2400 eða á netfanginu gudny@hunathing.is

Umsóknir skulu berast til sveitarstjóra Húnaþings vestra á sérstöku umsóknareyðublaði eigi síðar en 1. september nk.

Hvammstangi 19. júlí 2016
Guðný Hrund Karlsdóttir, sveitarstjóri.

Sjónaukinn

30. tbl 31. árg
27.- 2. ágúst 2016

Útg. Umf. Kormákur
Abm: Hörður Gylfason



Netfang: sjonaukinn@simnet.is Uppl. í síma 8482017

Kaupfélag Vestur Húnavetninga Verður lokað Mánudaginn 1. ágúst Frídag verslunarmanna.



KAFFIHLAÐBORD UM VERSLUNARMANNAHELGINA

Kaffihlaðborð með rjómapönnukökum, smurbrauði og öðru fjölbreyttu meðlæti að hætti Húsfreyjanna verður í Hamarsbúð á Vatnsnesi laugardaginn 30. júlí og sunnudaginn 31. júlí n.k. á milli kl. 14 og 18 báða dagana.

Verð kr. 2000 en kr. 1000 fyrir 6 - 12 ára.

Dóra Sigurðardóttir sýnir málverk.

Verið vekomin í Hamarsbúð, Húsfreyjur.

Kæru Vestur Húnavetningar

Um leið og við þökkum frábærar móttökur þá viljum við bjóða þeim sem hafa áhuga að koma og nýta dót sem á að henda. Það verður opið hús hjá okkur miðvikudaginn 27 júlí, milli kl. 14:00-18:00.

Um að gera að taka kerruna með.

Með bestu kveðju
Örn og Hildur
Hótel Laugarbakka



Akstursstyrkir vegna leikskólabarna.

Umsóknum um styrki vegna aksturs barna til vistunar í leikskóla tímabilið **janúar til júní árið 2016**, ber að skila á skrifstofu Húnaþings vestra, Hvammstangabraut 5, Hvammstanga.

Sækja þarf um á þar til gerðum eyðublöðum sem fást á skrifstofu sveitarfélagsins, einnig er hægt að nálgast þau á heimasíðunni www.hunathing.is undir liðnum eyðublöð.

Með umsókninni þarf að fylgja með staðfesting leikskólastjóra. Reglur um akstursstyrki eru á heimasíðunni www.hunathing.is undir liðnum reglugerðir og samþykktir.

Nánari upplýsingar veitir sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs í síma 455-2400

Ath. Sækja þarf um styrkinn innan tveggja mánaða frá birtingu auglýsingar annars fellur hann niður.
Sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs.



Söfnun á Rúlluplasti

Áætlað er að söfnun á rúlluplasti fari fram um miðjan ágúst n.k. Þeir bændur sem óska eftir því að nýta sér þjónustuna vinsamlega tilkynni það til skrifstofu Húnaþings vestra í síma 455-2400, eða í tölvupósti á: skrifstofa@hunathing.is, fyrir 4. ágúst nk.

Nánari dagsætningar á söfnuninni verða auglýstar síðar.



Króksmót Tindastóls

fyrir 5-7.flokk drengja, 6.-7. ágúst 2016.

Hið árlega Króksmót verður haldið á Sauðárkróki dagana 6.-7.ágúst.

Þáttökugjald er 7900 krónur.

Innifalið eru leikir, sund, kvöldvaka, matur og liðsmynd og verðlaunapeningur.

Gisting í skóla 2000 krónur á keppenda.

Skráning á kormakur@simnet.is fyrir mánudaginn 1.ágúst.

Nánari uppl.á
[Facebook.com/kroksmot](https://www.facebook.com/kroksmot) og
kroksmot.wordpress.com

Til sölu

Hágæða eldhúspappír og klósettpappír

*Nánari upplýsingar veitir
Valdimar Gunnlaugsson
8482017*

Netfang: kormakur@simnet.is